

Nd.

51. Breytingartillaga

[44. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný gr., er orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 13. gr. laganna komi 3 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Hlutfjársoöfnun er engum takmörkum háð, og skal jafnan gefa út ný hluta-
bréf á nafnverði án tillits til efnahags félagsins á hverjum tíma.

Nú er hlutfjáreign annarra hluthafa en ríkissjóðs meiri en helmingur alls
hlutfjárins, og takmarkast þá atkvæðisréttur ríkissjóðs svo sem fyrir er mælt
í lögum um hlutfélög, nema því aðeins, að lán þau, sem á félaginu hvíla og ríkis-
sjóður er í ábyrgð fyrir, að viðbættu hlutfé ríkissjóðs, séu hærri en hlutfjár-
eign annarra hluthafa.

Þótt slíkar breytingar verði á hlutfjáreign, gefur það ekki meiri hluta hluthafa
rétt til að setja félaginu ný lög eða breyta þessum lögum, sem aðeins verður gert
af Alþingi.